



Reglur um útsölu eða aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði

Gildissvið

1. gr.

Reglur þessar taka til útsölu eða annarrar sölu, s.s. tilboða, afsláttar og annarra slíkra aðferða sem fela í sér að venjulegt verð á vöru eða þjónustu er lækkað í tiltekinn tíma.

Lækkað verð

2. gr.

Í auglýsingum sem og á sölustað, þ.m.t. netverslun, skal tekið skýrt fram hvaða vörur séu seldar á lækkuðu verði.

Eftir að vara hefur verið seld á lækkuðu verði í fjórar vikur felur það í sér að lækkað verð er orðið venjulegt verð að þeim tíma liðnum.

Fyrra verð

3. gr.

Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð hennar hafa staðið í fjórar vikur en þó með hliðsjón af góðum viðskiptavenjum og hraða á vöruveltu í hlutaðeigandi atvinnugrein.

Prósentuafsláttur

4. gr.

Þegar veittur er prósentuafsláttur reiknast hann af fyrra verði. Taka skal fram hvert prósentuhlutfall lækkunarinnar er og skal tilgreina skýrt fyrra verð sem og lækkað verð. Lækki verð vöru á meðan á útsölu eða annarri sölu, sbr. 1. gr., stendur skal aukinn afsláttur reiknast frá lækkuðu verði. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til neytenda.

Opnunartilboð

5. gr.

Þegar auglýst er kynningar- og opnunartilboð skal afslátturinn vera raunverulegur á þann hátt að eftir nánar tilgreindan tíma hækki verð vörunnar. Gefa skal upp verð vörunnar ásamt kynningar- og opunarverði.

Rýmingarsala

6. gr.

Rýmingarsölu skal aðeins auglýsa sé hún tengd því að verslun hætti eða verslun hætti sölu tiltekins vöruflokks. Rýmingarsala skal ekki standa yfir í lengri tíma og eigi hún einungis við um takmarkað vöruúrval skal það tekið skýrt fram í auglýsingum og varan höfð aðgreind frá öðrum vörum. Vara sem seld hefur verið í rýmingarsölu skal ekki selja síðar á fullu verði.

Um verðmerkingar á rýmingarsölu gilda sömu reglur og um lækkað verð.

Kaupauki

7. gr.

Feli tilboð í sér að kaupandi fái kaupauka er óheimilt að nota orðalag eins og „gjöf“ eða „ókeypis“ um kaupaukann enda felur kaupaukinn í sér að neytandi kaupir aðra vöru.

Takmarkað magn

8. gr.

Þegar auglýst er tilboð á vöru skal hún vera neytendum fánleg allan þann tíma sem tilboðið er í gildi.

Óheimilt er að auglýsa takmarkað magn nema tilgreint sé hversu mikið magn standi neytendum til boða.

Auglýsingar

9. gr.

Auglýsingar um lækkað verð skulu ekki vera villandi, s.s. að auglýsa hátt prósentuhlutfall sem einungis á við um lítinn hluta.

Villa í auglýsingum

10. gr.

Komi í ljós að villa sé í auglýsingu um lækkað verð skal leiðréttta villuna eins fljótt og unnt er. Leiðréttingin skal vera í réttum hlutföllum við umfang markaðssetningar vörunnar og skal hún beinast að þeim neytendum sem upprunalega, ranga auglýsingin beindist að. Villan skal auk þess vera leiðrétt á sölustað.

Verðvernd

11. gr.

Í verðvernd felst að auglýsandi gefur loforð um að verð hans sé lægra en hjá keppinautum.

Með verðvernd er óheimilt að færa verðkönnun af seljanda á neytanda og ber seljanda því að kanna reglulega verð á markaði og leiðréttta verð sitt í samræmi við það. Seljandi getur sett verðvernd tiltekin landfræðileg mörk en það skal koma skýrt fram í auglýsingu.

Verðvernd og lík orð skal ekki nota ef takmörk eða skilmálar verndarinnar eru með þeim hætti að réttur til afsláttar er óraunhæfur.

Sönnunarbyrgði neytenda skal ekki vera mikil. Tilvísun til auglýsinga eða annars efnis sem sýnir að vara eða þjónusta fáist á lægra verði ætti að vera nægileg til þess að verðvernd gildi sé sannanlega hægt að fá vöruna eða þjónustuna á því verði.

Viðurlög

12. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. V. kafla laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005

13. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 17. gr. laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 57/2005 og öðlast þær þegar gildi.

Reykjavík [dags]

Tryggvi Axelsson

Þórunn Anna Árnadóttir